

---

## 14. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 16. nóvember 2011 kl. 8:15.

Nýr fulltrúi kennara tók sæti í skólaráði, Margrét Ásmundsdóttir.

Gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði:

### Dagskrá:

#### 1. Útkoma samræmdra prófa

Skólastjóri fór yfir árangur skólans í samræmdum prófum. Almenn umræða varð um samræmd próf, kosti þess og galla.

#### 2. Foreldrakönnun í nóvember

Áætlað er að hafa foreldrakönnun í nóvember og var listi með spurningum kynntur fundarmönnum.

#### 3. Sjálfstæður SMT skóli

Þann 1. desember n.k. verður Lækjarskóli sjálfstæður SMT skóli sem er viðurkenning á því að hann hafi tekið upp allar þær aðferðir og vinnubrögð sem felast í SMT-skólafærni. SMT- skólafærni miðar að því að efla jákvæð samskipti á heimilum og skólum.

#### 4. Frá nemendum

Nemendaráð hittist vikulega og skipuleggur dagskrá í Vitanum. Gismó, tískusýning sem nemendur Lækjarskóla undirbúa og sjá um, verður haldin 30. nóvember n.k. Fíestan með Hvaleyraskóla var haldin 9. nóvember s.l. og gekk vel. Jólaskemmtun unglíngadeildar verður 12. desember.

#### 5. Frá foreldrum og grenndarsamfélagi

Hinn árlegi „Piparkökudagur“ foreldrafélags Lækjarskóla verður í byrjun desember. Þá koma saman nemendur og aðstandendur þeirra og mála piparkökur í boði foreldrafélagsins.

Fulltrúi grenndarsamfélags fór ásamt fleiri fulltrúum skólaráðs á námskeið Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar í Víðistaðaskóla sem haldið var fyrir fulltrúa í skólaráðum allra grunnskóla Hafnarfjarðar þann 10. nóvember s.l.

#### 6. Önnur mál

- Nýr forstöðumaður, Sigurlaug Hrafnkelsdóttir tók við heilsdagsskólanum 1. nóvember.
- Umræður voru um málefni heilsdagsskólans.
- Sjálandsskóli í Garðabæ tók við af Lækjarskóla sem handhafi Íslensku menntaverðlaunanna.
- Fundarmenn voru sammála um að almennt virðast nemendur vera ánægðir með matinn í mötuneyti.

- Rætt var um hvort möguleiki er á að bjóða uppá styttri lotur í vali nemenda, til dæmis hálfan vetur í einu, þannig ná nemendur að nýta sér betur þau fög sem skólinn hefur uppá að bjóða.
- Tillaga frá nemendum; að skólinn bjóði uppá heimanám sem valtíma næsta vetur til dæmis tvo tíma á föstudegi eftir skóla.
- Í dag, 16. nóvember er dagur íslenskrar tungu. Í tilefni dagsins hittast vinabekkir og vinna saman verkefni. Fulltrúi kennara fór yfir það hvað stendur til í hans umsjónarbekk.

Fundi slitið kl. 9:15

**Fundinn sátu:**

Arna B. Arnardóttir, skólastjóri

Gunnhildur Þ. Sigþórsdóttir, fulltrúi foreldra

Elma Karen Sigþórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Guðrún Mjöll Róbertsdóttir, fulltrúi foreldra

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags

Hrönn Arnasdóttir, fulltrúi kennara

Margrét Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Dagbjört Sól Guðlaugsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda.

Árni Geirsson, nemendaráði, fulltrúi nemenda.

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir